

# FYRIRBOÐI

# VORAHNUNG

## **SÖNGLÖG** OG **PÍANÓVERK**
## EFTIR **VICTOR URBANCIC**

**1903** Vín – **1958** Reykjavík
Frumflutningur flestra verkanna
á Íslandi

Tónleikar í **STYKKISHÓLMSKIRKJU**
**Sunnudaginn 9. júlí 2023 kl. 15**

Tónleikar í **SUMARTÓNLEIKARÖÐ**
**LISTASAFNS SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR**
Laugarnestanga, **REYKJAVÍK**
**Þriðjudaginn 11. júlí 2023 kl. 20:30**



**Marina Colda,** sópran
**Julia Tinhof,** píanó
(Austurríki)

Ljósmynd: © Olesya Parfenyuk

Ungur að árum hóf **Victor Urbancic** að semja tónsmíðar. Fjöldi einsöngslaga, sem urðu til fyrir um það bil eitthundrað árum, bera vott um áhuga hans á ljóðlist. Einnig samdi hann nokkur tónverk fyrir píanó auk kammermúsíkverka, og frumflutti hann flest ef ekki öll tónverk sín sjálfur  með öðrum í heimalandi sínu Austurríki og víðar. Öll þessi verk eru samin, áður en hann flutti til Íslands árið 1938 og gerðist Íslendingur í kjölfarið.

Tónsmíðar þær, sem Marina Colda og Julia Tinhof flytja á þessum tónleikum, tilheyra því allar fyrra tímabilinu. Julia hefur gert sér far um að kynna sér og öðrum tónverk, sem fallið hafa í gleymsku vegna örlaga höfunda þeirra. Hefur hún áður flutt verk eftir Victor Urbancic, m.a. með Rannveigu Fríðu Bragadóttur.

Marina er útskrifaður nemandi Rannveigar við Tónlistarháskóla Vínarborgar, þar sem Julia kennir einnig. Áhugi hennar á tónverkum af fyrrnefndu tagi og að kynna þau leiddi til þess, að þær ákváðu að vinna saman að upptöku sönglaga eftir Victor Urbancic á geisladisk, sem nýskeð hefur birst hjá plötufyrirtækinu Gramola.

Auk hluta þeirra flytur Julia tvö áðurnefndra píanóverka á tónleikunum.

www.urbancic.at



Ljósmynd: Trude Fleischmann



## **FYRIRBOÐI** VORAHNUNG

9. júlí 2023 kl. 15
Stykkishólmskirkju, Stykkishólmur
Aðgangseyrir kr. 3 000,–
→ www.stykkisholmskirkja.is

11. júlí 2023 kl. 20:30
Sumartónleikaröð
Listasafns Sigurjóns Ólafssonar
Laugarnestanga 70, Reykjavík
Aðgangseyrir kr. 2 500,–
→ www.LSO.is

VORAHNUNG kallast úrval sönglaga Victors Urbancic eftir einu þeirra, sem heyra má á þessum geisladiski.

Söngkonan Marina Margaritta Colda og píanóleikarinn Julia Tinhof, báðar austurrískar, völdu og tóku upp lögin fyrir fyrirtækið Gramola í Vín i ársbyrjun 2023.




Gramola
www.gramola.at